

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutunsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 11. TBL.

14. NÓVEMBER 2008

PISA í íslensku skólakerfi - umræða er þörf

PISA er hugtak sem tekið er til umræðu á þriggja ára fresti í íslenska samfélagi og þá helst utan skólakerfisins. PISA er alþjóðleg samannburðarrannsókn á námsfærni 15 ára barna og nær til landa úr öllum heimsalum. Niðurstöður síðustu ára sýna að íslenskir nemendur hafa fallið niður miðað við sig sjálfa og aðrar þjóðir frá árinu 2000. Næsta mæling fer fram í kringum mánaðarmótin mars/apríl á næsta ári á þeim nemendum sem nú eru í 10. bekk.

Skólaskrifstofan hefur verið að taka upp umræðuna um PISA með skólastjórnendum á fundum, kennurum á námskeiði og foreldrum á fræðslufundi í þessari viku. Það er

ýmislegt sem þarf að ræða. Skiptir PISA máli? Eigum við að undirbúa nemendur undir PISA líkt og við kennum reglur í kappleik? Hvernig eigum við að leggja upp með að nemen-



dur séu undirbúnir og hvaða dagsform er best? Er hættan sú að við kennum fyrir PISA líkt og umræðan hefur verið um samræmd próf?

Umræða í kennarasamfélagi um PISA hefur talsvert snúist um aðferðafræði, þ.e. hvort

niðurstöður séu sanngjarnar gagnvart íslenskum nemendum og að þeir séu betri en kemur fram í PISA. Það má sjálfsgagt velja því fyrir sér en hvað sem öðru líður hafa íslenskir nemendur sýnt slakari niðurstöðu gagnvart sjálfum sér óháð landsamannburði.

PISA tekur mið af kenningargrunni sem á vissan hátt má líkja við námskrárgründvöll. Aðalnámskrá grunnskóla er annar kenningarhammi um skólastarf og kannski eiga þeir ekki alltaf saman. Hvað skal gera í því? Hvað þá með þætti sem ekki eru skoðaðir í PISA? Skipta þeir ekki líka máli í skólastarfi?

Við þurfum að taka meiri umræðu um PISA könnun og gildi fyrir daglegt skólastarf.

Gjöf til einhverfudeildar í Setbergsskóla

Mánudaginn 10. nóvember komu nokkrir úr stjórn Umsjónarfélags einhverfra í heimsókn í Setbergsskóla. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna fyrir þeim starfsemi námsvers fyrir nemendur með einhverfu sem er að hefja sitt annað starfsár.

Námsverið byggir á hugmyndafræði TEACCH sem dr. Eric Schopler hannaði og setti fram eftir áralangar rannsóknir á bestu kennsluleiðum fyrir nemendur með einhverfu. Stjórn Umsjónarfélags einhverfra færði námsverinu peningagjöf til kaupa á nauðsynlegum námsgögnum og fær

Umsjónarfélagið miklar þakkir fyrir.

Skólaþróun

Myndin er af fulltrúum frá stjórn Umsjónarfélags einhverfra og Margréti Valgerði í einhverfudeild Setbergsskóla við gjafaafhenginguna.





Hafnarfjörður í tali og tónum

Verið velkomin í Hásali, Strandgötu, á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember kl. 17:00 þar sem flutt verður dag-skrá í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðar. Verðlaunahafar Stóru upplestrarkeppninnar í Hafnarfirði flytja svip-myndir úr sögu Hafnar-fjarðar og verkum hafn-firskra skálda.

Flytjendur tónlistar eru hljóðfæraleikarar úr Tónlistarskóla Hafnar-fjarðar og kór Öldutúns-skóla.

**Skólaskrifstofa
Hafnarfjarðar.**

Tilkynning vikunnar

Ekkert *Skólavefrit* kemur út í næstu viku þar sem ritstjóri dvelur alla næstu viku í München í Þýskalandi til að kynna sér endurmenntun kennara þar. Heimsóknin er skipulögð og greidd af Evrópusambandinu og farin í gegnum samstarf þess við Ísland í gegnum EES samninginn, nefnd *Study visit*.

**Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
28. nóvember 2008**

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » **Syngjandi jól** er árleg tónlistardagskrá þar sem kórar í Hafnarfirði syngja og leik- og grunnskólar eru þar áberandi í dagskránni. **Syngjandi jól** verða laugardaginn 6. desember frá kl. 9.40-19 í Hafnarborg. Nánari kynning verður send til bæjarbúa fyrir hátíðina.
- » Jólaborpið í Hafnarfirði, á Thorsplani, verður opið allar helgar daglega frá kl. 13-18 frá 29. nóvember fram að jólum. Jólatrið verður tendrað þann 29. nóvember kl. 17.
- » Á morgun opnar í Hafnarborg listsýning á verkum Sveins Björnssonar og samnemenda hans. Þann 23. nóvember kl. 15 verður leiðsögn um sýninguna undir handleiðslu Erlendar Sveinssonar. Tilvalið til að kynna sér vel sýninguna og fá meiri dýpt í hana.
- » Þann 28. nóvember er sýning á myndskreytingum Brian Pilkington í Hafnarborg á íslensku jólasveinunum, Grýlu og Leppalúða.




Frá námskeiðahaldinu í vikunni, Ágústa og Ingibjörg úr Hraunvallaskóla á námskeiði.

Hugarkort til náms og kennslu

Fræðiefni vikunnar er kennsluefni um hugarkort (mind mapping) í tilefni námskeiðs um hugarkort á mánudaginn kemur. Það nefnist **The Power of Mind Mapping** og er 27 síða pdf-skjal sem er útprentanlegt á vefnum.

Hugarkort hafa skyndilega hlotið talsverðar vinsældir sem kennsluáðferð í grunnskólum. Áðferðin hefur þó verið þekkt í tæplega 40 ár. Alltaf er gott að nýjar kennsluáðferðir verði til og nýtist sem ein af mörgum í skólastarfi. Hugarkort er þó



VEFSLÓÐ: <http://www.mapyourmind.com/ebook.pdf>

Fræðiefnið

ekki síður námstækni en sem kennsluáðferð.

Persónulega finnst mér að á hverjum tíma fái ein kennsluáðferð mikið rúm í skólaþróun á Íslandi. Þessi áðferð er nú hugarkort en áður voru það aðrar áðferðir, t.d. söguaðferðin. Mikilvægt er því að huga að jafnvægi, þ.e. að ofnota ekki eina kennsluáðferð og telja að hún leysi allan kennsluvanda (og bæti jafnvel árangur á PISA). Mikilvægara er að kennarar kunni að beita ólíkum áðferðum á viðeigandi og fjölbreyttan hátt.

Lok námskeiðahaldsins á haustönn

17. nóv. mánudagur

102 **Hugtakakort í kennslu** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17

303 **Að lesa í myndir barna - listmeðferð** í Áslandsskóla kl. 15-16.30. (Annar tími)

24. nóv. mánudagur

101 **Hvernig kenni ég nýbúum í 4. – 7. bekk?** Menntasetrið við Lækinn kl. 15-17. (Síðasti tími)

303 **Að lesa í myndir barna - listmeðferð** í Áslandsskóla kl. 15-16.30 (Síðasti tími)

411 **Átak í sérkennslu í samstarfi heimilis og skóla** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-16.30.

26. nóv. miðvikudagur

203 **Verkefnisstjórnun forystuskóla** á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar kl. 13-16. (Annar tími)

Vefhornið